

REGLUGERÐ

um holræsagerð í Sandgerði.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur ein heimild til að leggja holræsi í Sandgerði, nema sérstaklega sé samið um aðra tilhögun.

2. gr.

Þar sent hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því í aðalæð, og enn fremur að halda því við. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frosts, sem hreppsnefnd tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

3. gr.

Hreppsnefnd löggildir menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er húseigendum skylt að hlíta fyrir mælum þeirra um gerð og lögn ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það. Engar lagnir má hylja fyrr en byggingarfulltrúi hefur samþykkt þær.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða sveitarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt við holræsakerfi hreppsins.

Tengigjald þetta skal vera kr. 10 000.00 fyrir hús með einni íbúð, en kr. 5.000.00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Því skulu hús, sem eru 350 m³ eða minni, teljast ein íbúð.

Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 25 000.00 fyrir hverja tengingu. Húseigandi gelur eigi krafist tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt eða um það hefur verið samið.

Þá skal hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald í sveitarsjóð er nemi 0,1% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 750.00.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum. Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðarhafa á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Árlegur gjalddagi holræsagjalda er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts. 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum, sem renna í sveitarsjóð.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Miðneshrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð frá 21. ágúst 1958 um holræsagerð í Miðneshreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1974..

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.